

Tillaga til þingsályktunar

um kaup á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Bjarni Benediktsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Kristrún Frostadóttir, Inga Sæland, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir,
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að festa kaup á færanlegu neyðarsjúkrahúsi til notkunar fyrir særða hermenn og færa úkraínsku þjóðinni.

Greinargerð.

Frá því að innrás Rússa í Úkraínu hófst 24. febrúar 2022 hefur það verið markmið íslenskra stjórnvalda að veita Úkraínu stuðning í samræmi við þarfir Úkraínu og getu Íslands. Þverpólitísk samstaða hefur verið um stuðning við Úkraínu á Alþingi og leggja formenn flokkanna áherslu á þá samstöðu með framlagningu þessarar þingsályktunartillögu. Þá er áréttuð samstaða um þá stefnu að framlag Íslands til Úkraínu sé hlutfallslega sambærilegt að umfangi við það sem önnur Norðurlönd leggja af mörkum.

Á fundi forsætisráðherra með Vólódímír Selenski forseta Úkraínu í Kænugarði 14. mars 2023 kom forsetinn því sérstaklega á framfæri að brýn þörf væri á færanlegum neyðarsjúkrahúsum fyrir særða hermenn og óskaði eftir stuðningi Íslands í þeim efnum. Í heimsókninni undirstrikaði Selenski einnig þakklæti fyrir yfirgnæfandi stuðning íslensks almennings við málstað Úkraínu. Á fundi þeirra í Helsinki hinn 3. maí sl. ítrekaði forseti Úkraínu þessa beiðni.

Mikill skortur er á færanlegum sjúkrahúsum til að sinna særðum hermönnum. Slíkt sjúkrahús gagnast særðum hermönnum á vígvellinum en þar væri einnig hægt að sinna almennum borgurum eftir atvikum. Slíkt sjúkrahús væri einnig hægt að nýta eftir að átökum lýkur.

Utanríkisráðuneytið hefur skoðað möguleika á að kaupa færanlegt sjúkrahús sem hægt er að starfrækja sjálfstætt, án tengingar við fyrirliggjandi innviði, og uppfyllir staðla Atlants-hafsbandalagsins um sjúkrahús þessarar gerðar. Stjórnvöld í Eistlandi hafa boðist til að taka að sér verkefnisstjórn við samsetningu á slíku sjúkrahúsi.

Þrjú sjúkrahús af þessari gerð hafa verið send til Úkraínu og er óskað eftir þremur til viðbótar. Hafa yfir tíu þúsund sjúklingar fengið aðhlynningu í sjúkrahúsunum, aðallega hermenn en einnig óbreyttir borgarar. Eistnesk stjórnvöld lögðu til eitt, Þýskaland annað og Noregur og Holland í sameiningu hið þriðja. Framleiðslutími á sjúkrahúsi af þessu tagi er um það bil hálf ár.

Áætlaður kostnaður við kaup á slíku sjúkrahúsi nemur um það bil 7,8 milljónum evra, eða um 1,2 milljörðum kr.